

Skorradalshreppur
B.t. Sveitarstjórnar Skorradalshrepps
Hvanneyrargata 3
311 Hvanneyri

Sauðárkrókur, 26. janúar 2026

Efni: Úttekt á Slökkviliði Borgarbyggðar


Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) tryggir samræmingu slökkvistarfs og eldvarnareftirlits um land allt. Í því skyni skal stofnunin gera sjálfstæðar athuganir og úttektir með það að markmiði að leiðbeina sveitarstjórnnum um þær kröfur sem gerðar eru til starfsemi slökkviliða skv. 6. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.

HMS framkvæmdi úttekt á Slökkviliði Borgarbyggðar þann 29. október 2025. Markmiðið var að staðreyna hvort starfsemi slökkviliðsins væri í samræmi við lögbundnar kröfur, brunavarnaáætlun sveitarfélagsins og leiðbeina sveitarstjórn um þau atriði sem þarfnast úrbóta. Leitað var umsagnar slökkviliðsstjóra við úttektina og tekið mið af athugasemdum hans við niðurstöðu hennar.


Hjálagt fylgir niðurstaða úttektar ásamt leiðbeiningum um þau atriði sem þarfnast úrbóta. Þar kemur fram að 2 af 31 úttektaratriðum eru metin óásættanleg. HMS telur nauðsynlegt að sveitarfélagið ráðist í viðeigandi úrbætur og leggi framúrbótaáætlun sem tekur til athugasemda stofnunarinnar.

Bent er á að sveitarfélög geta uppfyllt lögbundnar skyldur sínar um rekstur slökkviliðs með samstarfi við önnur sveitarfélög eða með samrekstri sameiginlegs slökkviliðs, sbr. 14. gr. laga um brunavarnir. Með slíku samstarfi skapast rekstrarleg tækifæri til samnýtingar á mannskapi, búnaði og tækjum, sem gerir sveitarfélögum betur kleift að standa undir lögbundnum skyldum sínum. HMS er reiðubúið að veita sveitarfélaginu nánari leiðbeiningar og aðstoð í þeim efnum.

Telji HMS að sveitarstjórn sinni ekki skyldu sinni samkvæmt lögum um brunavarnir eða reglugerðum settum samkvæmt þeim ber stofnuninni að undangenginni viðvörðun til sveitarstjórnar að tilkynna það til ráðuneytis, sbr. 33. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.


Bjarni Höskuldsson,
sérfræðingur á brunavarnasviði

Virðingarfyllt,
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar


Valur Valsson,
sérfræðingur á brunavarnasviði

Afrit sent: Slökkviliðsstjóra

Úttekt á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar
Slökkviliði Borgarbyggðar
29. október 2025

Úttektaraðilar: Bjarni Höskuldsson og Valur Valsson

Hér fyrir neðan eru samandregnar þær athugasemdir sem gerðar voru við úttektina. Litakóði í mati gefur til kynna alvarleika athugasemda að mati sérfræðinga HMS.

	Í lagi
	Lítið frávik
	Þarfnast úrbóta
	Mikið frávik
	Óásættanlegt

1. Húsnæði

Húsakostur

Mikið frávik

Ný stöð á Hvanneyri hefur verið tekin í notkun að hluta til og mun þýða miklar úrbætur fyrir liðið. Vinna hafin við endurbætur í Reykholti þar sem m.a. er búið að skipta um þak ofl. Stefnir í úrbætur á Bifröst þar sem gerður hefur verið samningur við Háskólann að Bifröst. Óásættanleg aðstaða í Borgarnesi vegna myglu og stór hluti húsnæðisins sem ætti að nýtast mannskapnum ónothæfur.

Viðhald húsnæðis

Mikið frávik

Viðhald á húsnæði slökkviliðs hefur verið lítið sem ekkert.

Er aðstaða til að geyma hlífðarfatnað

Þarfnast úrbóta

Aðstaða til geymslu hlífðarfatnaðar þarfnast úrbóta, þó stefni í endurbætur á Hvanneyri og Reykholti.

Er aðstaða til að þrifa hlífðarfatnað og annan búnað

Í lagi

Aðstaða til að þrifa hlífðarfatnað verður í nýrri slökkvistöð að Hvanneyri.

Er aðstaða til að þrifa mannskap (Hrein/óhrein svæði)

Þarfnast úrbóta

Í nýrri stöð á Hvanneyri verður sturtuaðstaða og saunaklefi til afeitrunar fyrir mannskap eftir útköll og æfingar.

2. Þjálfun mannskaps

Slökkviliðsmenn

63

Nýliðavali er lokið og voru teknir inn 16 nýliðar og eru slökkviliðsmenn því orðnir 63.

Menntun

Í lagi

46 slökkviliðsmenn uppfylla menntunarkröfur reykköfunar og meirihluti í björgunartækni og eiturefnum.

Almennar æfingar

þarfnast úrbóta

Samkvæmt skjali frá slökkviliðsstjóra eru haldnar 33 (16 alm, 9 reyk og 8 bakv.)æfingar hjá slökkviliðinu árið 2025. Það er ásættanlegur fjöldi æfinga en skortir á skráningu í Brunagátt.

Æfingaáætlun

Í lagi

Lokaður Facebook hópur fyrir slökkviliðsmenn sem heldur utan um æfingaráætlun, mætingar og aðra starfsemi slökkviliðsins.

3. Hlíðarföt og persónubúnaður

Ástand hlífðarfatnaðar

Í lagi

Ástand hlífðarfatnaðar er í góðu lagi.

Ástand persónubúnaðar

Í lagi

Persónubúnaður í góðu lagi.

4. Reykköfun

Reykkafararéttindi

þarfnast úrbóta

Slökkviliðsstjóri sendir upplýsingar um 25 slökkviliðsmenn sem uppfylltu skilyrði til reykköfunar. Það er ásættanlegur fjöldi en skortir á skráningu í Brunagátt.

Læknisskoðun

Í lagi

58 starfsmenn eru með gilda læknisskoðun.

Þrekpróf

Í lagi

41 starfsmenn eru með gilt þrekpróf.

Menntunarkröfur fyrir reykköfun

Í lagi

46 starfsmenn hafa menntun til reykköfunar og meirihlutinn í björgunartækni og eiturefnum.

5. Reykköfunarbúnaður

Er reykköfunarbúnaðurinn yfirfarinn sérstaklega á 12 mánaða fresti (lágmark) og skoðuð á 2 ára fresti hjá viðurkenndum aðila og er haldin skrá um það

Í lagi

Eru loftkútar skoðaðir reglulega (5ár) athuga líftíma

Í lagi

Er skráning slysa og óhappa sem verða við reykköfun send til HMS fyrir 1. mars ár hvert

Í lagi

Hefur loftpressan verið tekin út af HMS og er skráning sýnatöku á loftgæðum

Í lagi

6. Slökkvibifreiðar

Ástand slökkvibifreiða

þarf að endurnýja elstu bifreiðarnar í flotanum.

þarfnast úrbóta

Eru ökutæki og búnaður prófaður reglulega

Í lagi

Klippibúnaður - Endingartími á slöngum í vökvaklippum

Í lagi

Hefur vinnettirlitið tekið út körfu/stigabílinn

Í lagi

Hefur mannskapur viðeigandi réttindi

Vilja fjölga í liðinu

Í lagi

7. Brunavarnaáætlun

Virk Brunavarnaáætlun

Síðasta áætlun gildi frá 2014-2019. Samkvæmt lögum um brunavarnir skal liggja fyrir brunavarnaráætlun á hverju starfssvæði slökkviliðs.

Óásættanlegt

Framkvæmdaáætlun

Á ekki við

8. Eldvarnareftirlit

Samvinna við byggingarfulltrúa

Að sögn slökkviliðsstjóra er samvinnan góð.

Í lagi

Skoðunaráætlun – skýrsla síðasta árs

Skýrsla varðandi skoðunaráætlun síðasta árs birtist á heimasíðu sveitarfélagsins. Ljóst er að skoða þarf starfsumfang eldvarnareftirlits Slökkviliðs Borgarbyggðar. Slökkviliðsstjóri er að sinna eldvarnareftirliti með öllu öðru í starfi slökkviliðsstjóra og skoðunarskyldir staðir á starfssvæðinu töluvert margir.

Mikið frávik

Skoðunaráætlun fyrir 2025 - Alls fasteignir

0

Skoðunaráætlun aldrei verið stofnuð í Brunaverði. HMS hvetur slökkviliðsstjóra til að gera skoðunaráætlanir í gagnagrunninum Brunaverði til þess að yfirsýn verði betri.

Skoðunaráætlun 2025 - Lokið

0

Skoðunaráætlun 2025 - Í vinnslu

0

Virgni eldvarnareftirlits árið 2025 er af mjög skorum skammti. Leita þarf skýringa hjá slökkviliðsstjóra.

Beiðni um umsögn 2025

6

Yfirferð teikninga 2025

0

Hefur verið í samvinnu við byggingafulltrúa.

Öryggis- og eða lokaúttekt 2025

0

Skoðanir ársins 2025

3

9. Sérætur búnaður**10. Lögbundin hlutverk slökkviliða****Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss**

Í lagi

Slökkvistarf innanhúss og reykköfun

Í lagi

Vantar skráningu í Brunagátt.

Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun

þarfnast úrbóta

Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum

Í lagi

Eldvarnaeftirlit og forvarnir

Óásættanlegt

Virgni elvarnareftirlits árið 2025 er af mjög skorum skammti. HMS hvetur einnig slökkviliðsstjóra til að gera skoðunaráætlanir í gagnagrunninum Brunaverði til þess að yfirsýn verði betri.